



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 17. febrúar klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Sigrún Valdimarsdóttir, Ívar Hauksson, Hákon Leifsson, Sigurður Elmar Birgisson, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir og Einar Gíslason.

1. Framkvæmdir við Faxaból 12

Farið er yfir þær forsendur sem lágu fyrir varðandi framkvæmdir við Faxaból 12. Byggingarfulltrúi hefur haft framkvæmdina til skoðunar og stöðvaði framkvæmdir með bréfi þann 17. október 2023 þar sem ekki hafi verið aflað tilskilinna leyfa. Á stjórnarfundum þann 8. nóvember 2023 var viljrði félagsins afturkallað fyrir framkvæmdinni. Byggingarfulltrúi hefur haft samband við félagið um stöðuna á þessu máli.

Höfnun félagsins stendur og lögmanni er falið að gera drög að svarbréfi til byggingarfulltrúa um stöðu framkvæmda gagnvart Fákí.

2. Gullmerki Fáks

Rætt er um að veita Gullmerki Fáks á næsta aðalfundi félagsins. Farið er yfir tilnefningar og þær bornar upp fyrir stjórn.

Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

3. Kerrusvæði

Framkvæmdastjóra er falið að ræða við formann og stjórn Víðidalsfélagsins um að fjarlægja hestakerrur sem standa í götum í Tröðunum og koma þeim niður á kerrusvæði eða önnur svæði sem eigendur þeirra hafa afnot af. Framkvæmdastjóra er falið að hafa samband við eigendur hestakerra í Faxabóli.

Fundi slitið 18:05

Fundargerð ritaði Einar Gíslason